

Kynningarfundur með foreldrum nýnema og aðalfundur foreldraráðsins

Fjölmargir foreldrar nýnema mættu á kynningarfund þriðjudaginn 23. ágúst. Farið var yfir skólastarfið og helstu reglur skólans kynntar. Umsjónarkennarar kynntu sig fyrir foreldrum og voru þeir hvattir til að fylgjast vel með skólagöngu ungmenna sinna og vera í góðu sambandi við skólann.

Að kynningarfundinum loknum var aðalfundur foreldraráðsins. Þar var farið yfir skýrslu stjórnar og valið í stjórn næsta árs. Að þessu sinni bættust þrír foreldrar í stjórn foreldraráðsins og væntir skólinn mikils af samstarfi við foreldra á komandi skólaári.

Aðgangur forráðamanna að INNU og Námsnetinu

Forráðamenn nemenda yngri en 18 ára hafa óheftan aðgang að Innu og Námsnetinu.

[Inna](#) geymir m.a. upplýsingar um stundatöflu nemenda, mætingu, einkunnir og einingafjölda. Mikilvægt er að fylgjast vel með viðveru /mætingu nemenda. Fyrir kemur að nemendur missa tókin á mætingu sinni á fyrsta ári í framhaldsskóla, því er mikilvægt að veita þeim aðhald varðandi góða skólasókn.

[Námsnetið](#) er upplýsingamiðill fyrir nemendur.

Kennarar setja m.a. kennsluáætlanir, námsmat, verkefni, glósur og heimavinnu inn á Námsnetið. Það er nauðsynlegt fyrir nemendur að líta inn á Námsnetið á hverjum degi. Gott getur verið fyrir foreldra að minna nemendur á Námsnetið.

Til að virkja aðganginn þarf að setja inn kennitölu og biðja um nýtt lykilorð. Þá er lykilorðið sent á það netfang sem er skráð á forráðamenn í Innu.

Skólameistari í námsleyfi

Kristinn Þorsteinsson skólameistari er í námsleyfi þetta skólaár. Hann mun stunda háskólanám í Bandaríkjunum. Honum fylgja góðar óskir um árangursríkt og ánægjulegt námsár.

Settur skólameistari skólaárið 2016-2017 er Elísabet Siemsen.

Fyrsta ballið

Miðvikudaginn 7. sept. heldur nemendafélagið sinn fyrsta dansleik á haustönn. Ekkert er til sparað af hálfu nemendafélagsins og fjöldi skemmtikrafta mun stíga þar á svið. Dansleikurinn er nemendum mikið tilhlökkunarefni en á sama tíma ber að hafa í huga að sumir nemendur halda að allt sé leyfilegt þegar komið er í framhaldsskóla. Svo er alls ekki. Starfsmenn skólans ásamt gæslumönnum verða til eftirlits. Þeim nemendum sem grunaðir eru um ölvun verður boðið að blása í mæla eða hverfa á braut ella.

Við hvetjum foreldra til að fylgjast grannt með og leyfa ekki eftirlitslaus samkvæmi í heimahúsum. Við minnum á að við samþykjum ekki drykkju á skólaböllum en nemendur koma stundum undir áhrifum til okkar á dansleiki.

Við vonum að nemendur skemmti sér vel á dansleiknum og njóti þess sem nemendafélagið (NFFG) býður upp á í vetur.

Eftir dansleikinn eru rútur fyrir nemendur. Leiðin er sem hér segir: **Álftanesrúta** : Frá Spot, Fífuhammsveg, Arnarnesveg, stoppa í strætóskýli á Arnarnesbrú, Hafnarfjarðarvegur, stoppa við Hagkaup, Vífilsstaðarvegur, Hnoðrahóltsbraut, Álftanesvegur

Hafnarfjarðarrúta: Frá Spot, Reykjanesbraut, beygja til vinstri Lækjargata, Fjarðargata, stoppa í miðbænum, Reykjavíkurvegur, Hafnarfjarðarvegur, Stoppa við Hagkaup, Bæjarbraut, stoppa í FG

Garðabæjarrúta: Frá Spot, Arnarnesveg, Bæjarbrautin, stoppa hjá FG, stoppa hjá Hagkaup, keyra Hafnarfjarðarveg, stoppa hjá göngubrúnni (Keyra í Miðbæ Hafnarfjarðar.)

Ef foreldrar eru í vafa um hvort atburðir eru á vegum nemendafélagsins þá bendum við þeim á að hafa samband við skólann.

Björkvöld eru aldrei á vegum skólans og nemendur yngri en 18 ára eiga ekkert erindi á öldurhús.



SÍMAKASSINN

Allt til að bæta námsárangur –
nánar í næsta Fréttablaði FG